

27. nóvember 2020

Umsögn Háskólans á Akureyri um drög að frumvarpi um breytingu á lögum um háskóla, nr. 63/2006 og lögum um opinbera háskóla, nr. 85/2008.

Það er fagnaðarefni að farið sé í endurskoðun á lögum um háskóla með það að markmiði að gera alla nemendur á framhaldsskólastiginu jafna gagnvart því að sækja um nám við háskóla hér á landi. Aðgengi að háskólum og kröfur um undirbúning nemenda áður en nám hefst ætti ætíð að vera í höndum háskólanna sjálfra og eru þær breytingar sem boðaðar eru í þessum frumvarpsdrögum skref í þá átt. Breytingin mun jafnframt auka jafnræði meðal umsækjenda um að fá að sækja um nám við háskóla en mikilvægt er að fram komi að þessi breyting tryggir ekki aðgengi að háskólanámi, hvorki fyrir nemendur sem ljúka hefðbundnu stúdentsprófi né heldur þann hóp sem líkur starfstengdu námi á framhaldsskólastigi.

Í greinargerðinni er tekið fram að lagabreyting þessi muni til skamms tíma hafa áhrif á starfsemi háskóla með tvennum hætti. Í fyrsta lagi með því að auka álag við upphaf gildistökunnar þar sem vinna þurfi ný aðgangsviðmið allra deilda háskólanna þannig að ljóst sé hver viðmiðin eru þegar umsóknarferli haustsins 2021 hefst. Í öðru lagi er leitt að því líkum að aðsókn í háskólanna muni aukast og því megi búast við auknum nemendafjölda sem muni þurfa að fjármagna sérstaklega.

Hvað varðar fyrri punktin skal tekið fram að Háskólinn á Akureyri telur að vinna við slík aðgangsviðmið þurfi töluvert lengri tíma og aðdraganda svo unnt sé að kynna slíkar niðurstöður fyrir framhaldsskólum landsins - og að nemendur í framhaldsskólum geti aðlagað nám sitt að þessum nýju viðmiðum, þá hvort sem þau eru á hefðbundinni stúdentsbraut eða starfsnámsbraut. Nauðsynlegt verður að eiga gott samráð á milli háskólastigsins og framhaldsskólastigsins um þessar breytingar þannig að sameiginlegur skilningur sé á milli þessara skólastiga um það hvaða kröfur séu gerðar í hverju námi fyrir sig. Í þessu samhengi má því velja því fyrir sér hvort ekki væri eðlilegt að boða þessar breytingar með góðum fyrirvara með því að lögin öðlist gildi fyrir umsóknir nemenda um háskólavist fyrir haustið 2022 eða jafnvel 2023, frekar heldur en að lögin öðlist þegar gildi eins og gert er ráð fyrir í frumvarpsdrögum.

Hvað varðar seinni punktin þá er Háskólinn á Akureyri sammála því að aðsókn mun aukast í kjölfar þessara breytingar og að í flestum tilfellum muni fleiri nemendur uppfylla aðgangsskilyrði einstakra deilda og námsbrauta innan háskóla. Sérstaklega má gera ráð fyrir því að til staðar sé uppsafnaður áhugi margra einstaklinga sem hafi iðnmenntun í grunninn en jafnframt afað sér

viðbótar þekkingar og starfsreynslu. Fyrstu árin eftir þessa breytingu verður því aukinn heildarfjöldi nemenda í háskólum landsins. Frestun gildistöku laganna myndi veita stjórnvöldum ákveðið svigrúm til þess að meta slíkan kostnað og koma þannig á móts við háskólastigið svo unnt verði að veita auknum nemendafjölda aðgengi að háskólanámi án þess að sá aukni fjöldi komi niður á gæðum námsins né gangi nærri þeim mannauð sem starfar við háskóla í dag. Aukinn nemendafjöldi mun kalla á fleiri starfsmenn fyrir háskóla landsins sem tekur tíma að auglýsa eftir og ráða til starfa.

Til viðbótar við þessi skammtímaáhrif, sem milda má með því að hafa lengri aðlögunartíma áður en lögin taka gildi, eru umtalsverð langtímaáhrif af breytingu sem þessari - sérstaklega þegar deildir háskóla verða búnar að skilgreina nánar aðgangsviðmið að hverri deild fyrir sig.

Langtímaáhrifin munu koma fram með þeim hætti að nemendur á framhaldsskólastigi munu í auknu mæli þurfa að sérhæfa sitt nám þannig að þau geti vænst þess að fá aðgengi að námi á tilteknum fræðasviðum. Á síðustu árum hefur Háskólinn á Akureyri þurft að beita harðari aðgangsviðmiðum í ljósi þess að umsóknir hafa verið umfram þann nemendafjölda sem skólinn hefur fengið heimildir til að hafa frá stjórnvöldum. Reynslan af þeim aðgerðum sýnir okkur að nemendur eru oft að skipta um áherslur frá framhaldsskóla yfir í háskólanám og því getur undirbúningur þeirra verið mjög misjafn þegar kemur að umsókn í háskóla. Því má búast við að nemendur sem ekki uppfylla skilyrði deilda, en lokið hafa námi á þriðja þrepi, þurfi að taka viðbótarnám á þriðja þrepi til þess að uppfylla skilyrði tiltekinnna deilda eða fræðasviða. Þannig mun heildarnámstími viðkomandi lengjast. Að sama skapi geta nemendur sem vita hvaða nám þau vilja stunda í háskóla aðlagð nám sitt í framhaldsskólanum og þannig aukið verulega líkur á því að uppfylla öll skilyrði deildarinnar. Með þessum hætti geta nemendur lokið námi sínu á háskólastigi tiltölulega snemma á lífsferlinum en það krefst þess að ákvörðun um háskólanám sé í raun tekin við 15 eða 16 ára aldurinn. Það mun taka íslenskt samfélag þó nokkurn tíma að aðlagast þessum veruleika.

Aðgengi að háskólanámi, sérstaklega á fyrsta stigi til bakkalárgráðu, er mikilvæg forsenda þess að byggja upp mannauð í landinu öllu þannig að íslenskt samfélag sé tilbúið til að takast á við samtíma- og framtíðaráskoranir. Eins og þessar áskoranir eru settar fram í heimsmarkmiðum Sameinuðu Þjóðanna og hvernig þær endurspeglast í stefnu stjórnvalda og daglegu lífi landsmanna er ljóst að þjóðin mun þurfa aðgengi að bestu mögulegu þekkingu á hverjum tíma - þekkingu sem nær yfir mörg fræðasvið. Öflug tengsl allra skólastiga eru nauðsynlegur þáttur í því að skólakerfið skili samfélaginu fjölbreyttu og vel menntuðu vinnuafli og er samvinna á milli skólastiga lykilþáttur í að það takist. Þær breytingar sem settar eru fram í þessum frumvarpsdrögum munu kalla fram nokkrar grundvallabreytingar sem ekki

verður svarað hér en til þess að setja umfang verkefnisins í ákveðið samhengi við þann tíma sem þarf til undirbúnings er tæpt á nokkrum þeirra. Þar er hægt að nefna þætti eins og raunfærnimat svo unnt sé að jafna aðgengi þeirra sem koma með starfsmenntun af vinnumarkaði eða með nám og reynslu erlendis frá. Gera þarf breytingar á umsóknarferlum háskóla, þmt að flýta dagsetningu umsóknarfrests svo nægur tími gefist fyrir mat á umsóknum. Meta þarf áhrif þessara breytinga á möguleika nemenda til að sækja um í erlendum háskólum og tryggja að aðgengi þeirra skerðist ekki með því að tryggja að breytingarnar standist alþjóðlega samninga. Kynna þarf breytingarnar fyrir námsráðgjöfum bæði háskóla og framhaldsskóla þannig rágjafar geti leiðbeint væntanlegum nemendum í samræmi við stöðu þeirra og undirbúning. Margir fleiri þættir munu þurfa skoðunar við sem sýnir enn frekar þörfina á að gefa innleiðingarferlinu lengri tíma. Þá er mikilvægt að benda á að breyting þessi veitir ekki jafnt aðgengi að öllu háskólanámi fyrir alla nemendur né styrkir með beinum hætti við starfsmenntanám. Til þess að svo verði þarf að grípa til víðtækari og markvissari aðgerða til að kynna starfsmenntanám fyrir nemendum á grunnskólastigi jafnframt því að tryggja að námið höfði til fyrstu kynslóðar 21. aldarinnar.

Hvort sem lítið er til ofangreindra þátta, skammtímaáhrifanna eða langtímaáhrifa er ljóst að hér er um stóra breytingu að ræða. Breytingin er þörf og á heildina lítið nauðsynleg til að aðlagast nýjum raunveruleika í skólakerfinu í heild sinni. En vegna þess hversu mikilvæg þessi breyting er leggur Háskólinn á Akureyri megináherslu á að gildistími lagabreytingarinnar sé lengdur þannig að skólakerfið i heild sinni fá góðan undirbúningstíma, nemendum og skólunum til allra heilla.



Eyjólfur Guðmundsson, rektor
Háskólinn á Akureyri